

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 11. september 2017 kl. 15:45

Fundinn sátu: Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Eva Pandora Baldursdóttir (fjarfundir), Gunnar Hrafn Jónsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Eiríkur Rafn Rafnsson sem ritar fundargerð.

Nr. 44/2017

Dagskrá

1. Kosning til stjórnar þingflokks Pírata

Gengið var til kosninga til stjórnar þingflokks Pírata. Notast var við meirihlutadómgreindarkerfi Balinskis. Þar sem aðeins einn var í framboði var gert ráð fyrir að hann þyrfti að hljóta miðgildi upp á a.m.k. 3 á skalanum 0-5.

Formaður þingflokks Pírata

Birgitta Jónsdóttir var ein í framboði og hlaut miðgildið 4.

Varaformaður þingflokks Pírata

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Björn Leví Gunnarsson voru í framboði. Þórhildur Sunna hlaut miðgildið 5, en Björn Leví miðgildið 3.

Ritari þingflokks Pírata

Jón Þór Ólafsson var einn í framboði og hlaut miðgildið 4.

Nýja stjórn þingflokks Pírata skipa þau Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, varaþingflokksformaður, og Jón Þór Ólafsson, ritari þingflokks.